



Fundargerð

535. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4, fimmtudaginn 27. ágúst 2026, kl. 17:00.

Fundinn sátu: Jóhannes Gissurarson, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson oddviti, Auðbjörg B. Bjarnadóttir, Sigurður Árnason og Sigurjón Andrénsson. Fundargerð ritaði: Sigurjón Andrénsson, sveitarstjóri.

Fundurinn er hljóðritaður og er hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Breyting á dagskrá

Oddviti hóf fundinn á að upplýsa um að óskað hafi verið eftir að einu máli sé bætt við áður auglýsta dagskrá. Málið barst eftir að lögbundinn frestur til boðunar fundarins var liðinn. Um er að ræða eftirfarandi mál: 15. Landbrot og Miðafrétt – Fundargerð og fjallskilaseðill 2026 – mál nr. 2608016. Oddviti bar því undir sveitarstjórn hvort samþykkt væri að taka málið á dagskrá fundarins. Var það samþykkt samhljóða.

Oddviti bauð nýjan sveitarstjóra velkominn

Áður en gengið var til dagskrár tók oddviti til máls, fyrir hönd sveitarstjórnar, og bauð Sigurjón Andrénsson formlega velkominn til starfa sem sveitarstjóra Skaftárhrepps.

Sigurjón tók við starfi sveitarstjóra 15. ágúst síðastliðinn og er þetta fyrsti fundur sveitarstjórnar sem hann situr í því hlutverki. Starf sveitarstjóra er bæði umfangsmikið og ábyrgðarmikið og fram undan eru mörg mikilvæg verkefni. Fyrstu vikurnar fara eðlilega að miklu leyti í að kynnast starfsemi sveitarfélagsins, starfsfólkinu og þeim fjölbreyttu verkefnum sem unnið er að.

Ekki síður skiptir máli að kynnast samfélaginu sjálfu. Skaftárhreppur er víðfeðmt sveitarfélag með öflugt atvinnulíf og sterkt samfélag þar sem þekking, reynsla og frumkvæði íbúanna eru mikilvægur grunnur að áframhaldandi uppbyggingu. Gott og opið samtal við íbúa, fyrirtæki, félagasamtök og aðra hagaðila verður því mikilvægur þáttur í starfi sveitarstjóra. Það er okkur í sveitarstjórn mikilvægt að gott og traust samstarf ríki milli sveitarstjóra, sveitarstjórnar, starfsfólks sveitarfélagsins og samfélagsins alls. Markmiðið er að vinna saman af festu, metnaði og framsýni að hagsmunum Skaftárhrepps og þeirra sem hér búa og starfa.

Sigurjón, við bjóðum þig hjartanlega velkominn til starfa, óskum þér velfarnaðar í starfinu og hlökkum til góðs og farsæls samstarfs við þig í þágu samfélagsins.

Þá var gengið til dagskrár.

Shi
SA
1739
H
JG
ABB



Fundargerðir til samþykktar

1. 2608011 - Fundargerðir svæðisráðs vestursvæðis

Fundargerð svæðisráðs vestursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs lögð fram en 127. fundur svæðisráðs vestursvæðis var haldinn í fjarfundi, miðvikudaginn 5. ágúst kl. 10:30.

Til kynningar.

2. 2608015 - Kirkjubæjarstofa - fundargerðir stjórnar

Lagðar fram fundargerðir stjórnar Kirkjubæjarstofu frá 18. og 24. ágúst 2026.

Til kynningar.

Almenn mál

3. 2608010 - Kirkjubæjarstofa - ársreikningur 2025

Ársreikningur Kirkjubæjarstofu fyrir árið 2025 lagður fram til kynningar. Kirkjubæjarstofa er sjálfseignarstofnun með sérstakri stjórn og starfar sem rannsóknar- og fræðastofnun á Kirkjubæjarklaustri. Samkvæmt ársreikningi námu rekstrartekjur 20,0 m.kr. árið 2025 og rekstrarniðurstaða var neikvæð um 14,8 m.kr. Eigið fé stofnunarinnar var neikvætt um 32,3 m.kr. í árslok. Ársreikningurinn hefur verið staðfestur af stjórn og forstöðumanni Kirkjubæjarstofu.

Sveitarstjórn þakkar fyrir framlagningu ársreikningsins og felur sveitarstjóra að fylgja eftir stöðu og framtíðarfyrirkomulagi Kirkjubæjarstofu í samráði við forstöðumann og stjórn Kirkjubæjarstofu.

Til kynningar.

4. 2608005 - Samgöngur og skipulag - erindi Vegagerðarinnar í kjölfar kosninga

Erindi Vegagerðarinnar til sveitarfélagsins um samgöngur og skipulagsmál í kjölfar sveitarstjórnarkosninga 2026. Lagt fyrir sveitarstjórn til kynningar og eftirfylgni.

Sveitarstjórn tekur undir mikilvægi góðs samráðs við Vegagerðina við skipulagsvinnu og uppbyggingu í sveitarfélaginu. Sveitarstjóra og skipulagsfulltrúa falið að hafa erindið til hliðsjónar og fylgja því eftir, eftir því sem við á.

Til kynningar.

gr. 1740
SA
H
J.G.
mo



5. 2607032 - Efri - Ey héraðsvegur

Vegagerðin hefur samþykkt umsókn um að vegur að Efri-Ey 2 verði tekinn inn á vegaskrá sem héraðsvegur. Vegagerðin fór í vettvangsskoðun 10. júlí 2026 og tók út ástand vegarins. Vegurinn verður tekinn inn á vegaskrá í núverandi ástandi. Nauðsynlegar endurbætur verða hins vegar háðar fjárveitingu og liggur ekki fyrir hvenær hægt verður að ráðast í þær.

Sveitarstjórn fagnar ákvörðun Vegagerðarinnar um að samþykkja umsókn um nýjan héraðsveg að Efri-Ey 2 og að vegurinn verði tekinn inn á vegaskrá sem héraðsvegur. Sveitarstjórn leggur áherslu á að nauðsynlegum endurbótum á veginum verði komið til framkvæmda eins fljótt og kostur er þegar fjárveiting liggur fyrir.

Til kynningar.

6. 2608004 - Loðdýrarækt - afstaða í aðalskipulagi Skaftárhrepps

Samtök um dýravelferð hafa sent sveitarstjórn erindi þar sem sveitarfélög eru hvött til að taka afstöðu til loðdýraræktar í aðalskipulagi. Í erindinu er vísað til ákvörðunar Norðurlþings og sveitarfélög hvött til að skoða hvort sambærileg stefnumörkun eigi við í þeirra sveitarfélagi, meðal annars með hliðsjón af dýravelferð, náttúruvernd og sjálfbærri landnotkun.

Sveitarstjórn þakkar Samtökum um dýravelferð fyrir erindið. Sveitarstjórn tekur ekki efnislega afstöðu til loðdýraræktar eða breytinga á aðalskipulagi á grundvelli erindisins að svo stöddu. Komi til endurskoðunar á stefnumörkun sveitarfélagsins um landnotkun af þessu tagi verði málið tekið til skoðunar í tengslum við viðeigandi skipulagsferli.

Til kynningar.

7. 2608007 - Daggjald á afrétti

Erindi vegna daggjalds á afrétti. Málið var lagt fyrir sveitarstjórn til umræðu og afgreiðslu á milli funda í tölvupósti.

Á milli funda lagði oddviti til í tölvupósti við sveitarstjórn að daggjöld á afrétti árið 2026 verði 21.818 krónur. Miðað verði við sömu upphæð vegna smölunar heimalanda þegar greiða þarf smölun á kostnað landeigenda og var málið samþykkt.

Til upplýsingar voru daggjöld árið 2025 20.738 krónur. Undanfarin ár hafa daggjöld verið uppreiknuð miðað við vísitölu neysluverðs. Vísitala neysluverðs í júní 2025 var 656,5 stig en var 690,7 stig í júní 2026.

Shi.
SA 1741

Mr
J.G.
ABG



8. 2608006 - Persónuverndarfulltrúi - skráning hjá Persónuvernd

Persónuvernd hefur óskað eftir að sveitarfélög yfirfari og eftir atvikum uppfæri skráningu persónuverndarfulltrúa.

Skaftárhreppur er nú að skoða fyrirkomulag persónuverndarþjónustu og hver muni gegna hlutverki persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins til framtíðar.

Sveitarstjóri upplýsti að haft hafi verið samband við Karl Hrannar Sigurðsson hjá Sekretum vegna persónuverndarþjónustu fyrir Skaftárhrepp. Karl hefur staðfest að hann geti tekið að sér hlutverk persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins og mun senda tillögu að fyrirkomulagi og kostnaði.

Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að ganga frá samningi við Sekretum um persónuverndarþjónustu og tilnefningu Karls Hrannars Sigurðssonar sem persónuverndarfulltrúa Skaftárhrepps, að því gefnu að fyrirkomulag og kostnaður teljist ásættanlegur.

Sveitarstjóra er jafnframt falið að sjá til þess að skráning persónuverndarfulltrúa hjá Persónuvernd verði uppfærð.

Samþykkt samhljóða.

9. 2608008 - Landsfundur um jafnréttismál sveitarfélaga 2026

Skráning er hafin á landsfund um jafnréttismál sveitarfélaga.

Á fundinum verður fjallað um hlutverk og skyldur sveitarfélaga á sviði jafnréttismála, meðal annars í ljósi þess að sveitarstjórnir skulu innan árs frá sveitarstjórnarkosningum leggja fram jafnréttisáætlun til næstu fjögurra ára.

Sveitarstjórn þakkar fyrir upplýsingarnar.

Til kynningar.

sh
SA 1742 H 26. AG



10. 2608013 - Skaftárljós - ársreikningur 2025

Lagður fram ársreikningur Skaftárljóss fyrir árið 2025 ásamt staðfestingarbréfi vegna ársreikningsskila. Skaftárljós er stofnun Skaftárhrepps sem stofnuð var árið 2020 í þeim tilgangi að leggja og reka ljósleiðarakerfi í sveitarfélaginu. Ljósleiðarakerfið var selt á árinu 2024 og hefur starfsemi Skaftárljóss því tekið verulegum breytingum.

Engar rekstrartekjur voru hjá Skaftárljósi árið 2025 og hagnaður ársins nam tæplega 7 þús. kr., sem rekja má til fjármunatekna. Eigið fé í árslok nam um 5,9 m.kr.

Sveitarstjórn samþykkir ársreikning Skaftárljóss fyrir árið 2025 og staðfestir hann með undirritun sinni ásamt tilheyrandi staðfestingarbréfi. Sveitarstjóra er falið að ganga frá ársreikningsskilum í samráði við KPMG.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerðir til kynningar

11. 2608014 - Fundargerðir Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga SASS

Fundargerð 637. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS), sem haldinn var 5. júní 2026, lögð fram til kynningar. Meðal mála fundarins voru ársreikningur SASS 2025, málefni Sorpstöðvar Suðurlands, dagskrá aðalfundar SASS og uppfærðar úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs.

Til kynningar.

Önnur mál

12. 2608012 - Ársþing SASS 29.-30. október 2026

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) verður haldið dagana 29. til 30. október 2026. Fyrir þingið þarf Skaftárhreppur að tilnefna fulltrúa sveitarfélagsins sem fara með umboð þess á ársþinginu.

Sveitarstjórn samþykkir að tilnefna Svein Hreiðar Jensson, Auðbjörgu B. Bjarnadóttur, Auði Guðbjörnsdóttur til setu, en Jóhannes Gissurarson, Sigurð Árnason og Berg Kr. Guðnason til vara, sem fulltrúa Skaftárhrepps á ársþingi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS), sem haldið verður dagana 29. til 30. október 2026.

Samþykkt samhljóða.

1743
Sni
SA
AL
25
ABO



13. 2608001F - Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps 2026-2030 - 16

Fundargerð 16. fundar Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps þriðjudaginn 18. ágúst 2026, kl. 13:00.

13.1 2508003 - Sjónarhóll deiliskipulag

Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps 2026-2030 - 16

Tillagan hefur verið lagfærð í samræmi við gildandi aðalskipulag og leggur skipulags- og umhverfisráð til að sveitarstjórn samþykki tillöguna og að hún fái málsmeðferð í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir samhljóða niðurstöðu Skipulags- og umhverfisráðs.

14. 2606004F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 4

Til kynningar.

15. 2608016 - Fundargerð og fjallskilaseðill 2026

Lögð fram fundargerð Fjallskilanefndar Landbrots- og Miðafréttar ásamt fjallskilaseðli fyrir árið 2026.

Til kynningar.

Fundi slitið kl. 18:45.

Jóhannes Gissurarson

Auður Guðbjörnsdóttir

Sveinn Hreiðar Jensson

Auðbjörg B. Bjarnadóttir

Sigurður Árnason